

AUGLÝSING

um notkun heimildar í 32. tl. 3. gr. tollskrárlaga um lækkun
flutningsgjalds með flugvélum í tollverði vöru.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 32. tl. 3. gr. tollskrárlaga til þess að lækka flutningsgjald í tollverði vöru, þegar vara er flutt til landsins með flugvélum, um 50% frá raunverulegu flutningsgjaldi hverju sinni. Nær lækkunin eingöngu til flutningsgjalds þess hluta leiðarinnar, sem er eða getur verið samfelldur flutningur í þeirri flugvél, er vöruna flytur til landsins. Það skilyrði er sett fyrir framangreindri lækkun, að vara sé tollafgreidd og tekin úr afgreiðslu flugfélaganna innan 10 daga frá komu flugvélarinnar til landsins.

Framangreind lækkun kemur til framkvæmda 1. marz 1967.

Fjármálaráðuneytið, 27. febrúar 1967.

F. h. r.

Guðlaugur Þorvaldsson.

Björn Hermannsson.

Nr. 32.

11. marz 1967.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 61 24. marz 1959 um umferðarmerki
og notkun þeirra.

1. gr.

Við reglugerðina bætist svohljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 16. gr. skal heimilt að setja merki eingöngu hægra megin við veg, miðað við akstursstefnu, enda sé eigi hætt á, að staðsetning merkisins valdi misskilningi.

Ákvæði þetta tekur þó eigi til aðvörunarmerkis A 4 og bannmerkis B 13.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 66. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958 og 16. gr. laga nr. 65 13. maí 1966 um hægri handar umferð, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. marz 1967.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.